

Fundargerð ársfundar Retrieverdeildar HRFÍ 13. mars 2014.

Fundurinn var haldinn í húsakynnum HRFÍ að Síðumúla og hófst kl.20.00, stóð til 22.00.

Frá stjórn voru mætt: Guðbjörg Guðmundsdóttir, Heiðar Sveinsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Arnar Tryggvason og Þórhallur Viðar Atlason. Fundargestir voru 26.

Fundardagskrá:

1. Guðbjörg setti fund og stakk uppá fundarritara og fundarstjóra. Fundur samþykkti Þórgunni Pétursdóttur sem fundarstjóra og Heiðar Sveinsson sem ritara.
2. Farið yfir dagskrá:
 - a. skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2013 /kynning reikninga
 - b. Kosning til stjórnar
 - c. Farið yfir skráningu í nefndir.
 - d. Önnur mál
3. Guðbjörg og Guðmundur kynntu skýrslu stjórnar og reikninga og voru skýrsla og reikningar samþykktir af fundargestum.
4. Tveir af stjórnarmeðlimum höfðu setið í þau tvö ár sem þeir voru kosnir til. Þeir Guðmundur A. Guðmundsson og Arnar Tryggvason. Því voru 2 pláss laus í stjórn og höfðu þau verið auglýst laus á heimasíðu deildarinnar og á facebook síðu deildarinnar. Þrír gáfu kost á sér, Arnar gaf kost á sér áfram, Sigrún Guðlaugardóttir og Þórgunnur Pétursdóttir gáfu einnig kost á sér til stjórnarsetu. Kosið var til þessara embætta, 25 aðilar tóku þátt í kosningu og voru Arnar og Þórgunnur kosin til næstu 2 ára.
5. Að þessu búnu fór Guðbjörg formaður yfir nefndir og skráningar í þær.
 - a. Veiðinefnd skipa: Arnar Tryggvason, Fanney Harðardóttir, Guðjón Páll Sigurðsson, Ingibjörg Friðriksdóttir, Ívar Guðmundsson, Kristján Baldvinsson, Þórhallur Viðar Atlason, Ingólfur Guðmundsson og Heiðar Sveinsson.
 - b. Sýningarnefnd skipa Elsa Hlín Magnúsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Sigrún Guðlaugardóttir.
 - c. Göngu og Skemmtinefnd skipa: Atli Már Erlingsson, Ánmar J. Guðmundsson, Guðrún Rakel Svandísardóttir, Svanhildur Skúladóttir og Thelma Dögg Freysdóttir.
 - d. Básanefnd skipa: Sigrún Guðlaugardóttir og Svanhildur Skúladóttir og Arnar Tryggvason.

Nefndir velja sér síðan formenn til næsta árs og eins er félagsmönnum velkomið að koma til starfa í nefndum eða hætta utan ársfunda. Hafi félagsmenn áhuga á að draga sig úr nefndum er þeim bent á að senda póst á retriever@retriever.is. Ef breytingar verða á nefndarformönnum eru nefndarformenn beðnir að tilkynna það til formanns deildarinnar á sama netfang.

6. Önnur mál:
 - a. Kynntar voru hugmyndir að breytingum á veiðiprófsreglum. Hér er stiklað á greinum og ástæðum breytinga. Fundargestir sýndu málinu áhuga og voru líflegar umræður um þetta mál. Voru tillögur aðlagðar að ósk fundargesta þegar við átti. Eins eru þær reglur sem fundurinn samþykkti hér með. Hér undir eru þær reglur sem var breytt og helst ástæður.

- i. Grein 2.4: Geta nýtt betur fulltrúa HRFÍ á prófum sem dómara.
 - ii. Grein 3.3: Aðlaga reglur um skráningu að núverandi formi.
 - iii. Grein 5.4: Ekki hefur reynt á reglur fyrir ÚFL-A próf og er gerð breyting á árangurskröfu þar sem hún var ekki í takt við raunveruleikann.
 - iv. Grein 6.3: Aðlaga orðalag í reglum um vatnasókn í ÚFL-B að því sem viðgengst hefur í prófum.
 - v. Grein 6.3: Opna fyrir möguleika á að redda prófi ef fuglar hafa skemmst eða eru ónothæfir í prófum, með því að heimila „dummy“ í undantekningartilfellum.
 - vi. Grein 8.5: Skerpa á reglum um ÚFL-A að hundur sem stendst A próf geti áfram tekið þátt í B prófi.
- b. Olgeir Gestsson lýsti ánægju með þær breytingar á veiðiprófsreglum sem fram komu. Vildi samt koma á framfæri þeirri skoðun að þörf væri á frekari breytingum. Meðal þess sem hann vildi sjá bætast við er A-próf fyrir OFL, próf í einstökum þáttum í vinnu, t.d. markeringum, hundar fengju umsögn fyrir, sætaröðun í stað einkuna í prófum. Um þetta varð talsverð umræða og kom meðal annars fram að reglur fyrir B-próf á Íslandi væru í takt við Norðurlöndin og væru próf en ekki keppni. A-próf væru frekar keppni eða sér próf sem tækju á því og þar væri raðað í sæti.
- c. Olgeir kom með tillögu um að gera meiri kröfur til hunda sem færu upp í ÚFL-B, nú þarf eina fyrstu einkun í OFL-B til að geta farið upp í ÚFL-B, t.d. 3 fyrstu einkunnir.
- d. Halldór Halldórsson lagði fram fyrirspurn um ferli mjaðmamynda frá Bandaríkjunum. Þar sem þessar myndir fara beint frá hundaeiganda til Bandaríkjanna og niðurstöður koma síðan aftur beint til eiganda, er ekki víst að óhagstæðar niðurstöður skili sér til skráningar. Mikilvægt er að fá sem gleggsta mynd af niðurstöðum afkvæma. Málið var talsvert rætt og meðal annars kom fram að fyrirtækin í Bandaríkjunum fengjust ekki til að senda þessar niðurstöður á annan en þann sem ætti hundinn.
- e. Spurt var um skilyrði til að fá að taka þátt í veiðiprófi, í lið 3.1 í veiðiprófsreglum er bent á að sömu skilyrði gilda og til þátttöku í ræktunarsýningum HRFÍ. Það eru sömu reglur og má ekki fara með eineistung né geldan rakka í próf.
- f. Óformlegt veiðipróf verður haldið fyrir næsta próf
- g. Spurt var um tímasetningu á opnun á skráningum á veiðipróf. Opnað verður á miðnætti þess dags sem er nefndur sem fyrsti dagur, þ.e. ef 19 mars er fyrsti dagur er opnað kl.00.00 þann dag.
7. Ekki komu fram önnur mál og fundarstjóri sleit fundi.

Fundargerð ritaði, Heiðar Sveinsson